

## Stjórnarfundur Prentisöguáætlun 14.02 2024

**Fundarstaður:** Prentmet Oddi, Krókhálsi 4, 110 Reykjavík. **Fundartími:** 16:15

**Mætt:** Jón Trausta Harðarson, Katrín Jónsdóttir, Tryggvi Þór Agnarsson, Díana Hrönn Sigurfinnsdóttir, Ævar Rafn Kjartansson og Ágúst Guðjónsson.

### Dagskrá fundar:

- Viðskiptaáætlun
- Styrktarumsóknir
- Aðalfundur
- Önnur mál

#### 1. Viðskiptaáætlun

Jón Trausti kynnti viðskipta- og fjárhagsáætlun sem gerð var á vinnudegi þann 20. janúar síðastliðinn. Áætlun sýnir betri heildarmynd yfir þá liði sem þarf að vinna. Hún leiddi einnig í ljós að við þurfum meira fjármagn til að klára sýningu.

Hluti stjórnarmanna heimsótti Skyrland sem er ný upplifunarsýning um skyr og matarmenningu Íslands. Í framhaldi af kynningu á þeirri sýningu var rætt um framsetnignu smáhluta og skoða að gera sýningu meira digital. Samþykkt var að endurskoða hönnun sýningar á Skálholti.

#### 2. Styrktarumsóknir

Áætlað er að fara í átak í fjáröflun ásamt því að sækja um styrki fyrir Skálholtsverkefni. Þá var ákveðið að hittast til að setja saman almennt kynningarefni fyrir styrkjaumsóknir. Í vinnslu er styrktarumsókn til Rannís.

#### 3. Aðalfundur

Áætlað er að halda aðalfund 7. Mars. Tryggvi ætlar að sjá um að senda fundarboð.

#### 4. Önnur mál

- Katrín ætlar að skoða hvort og þá hvernig sýningar um sögu prents erlendis eru að ná til barna.
- Áætlað er að huga að geymslugámum þegar vorar.

Fundi slitið 17:30

Katrín Jónsdóttir, ritaði.